

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018, syðsti hluti Garðs við Helguvík og Berghóla.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. desember 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018 frá 19. október 1999.

Breytingin felst í því að varnarsvæði minnkar og breytist í iðnaðarsvæði fyrir álver og áltengdan iðnað og óbyggt svæði. Gert er ráð fyrir jarðstrengjum (245 kV) frá aðveitustöð við Fitjar meðfram Reykjanesbraut og meðfram olíulögn að iðnaðarsvæðinu í Sveitarfélaginu Garði og Reykjanesbæ. Markað er þynningarsvæði fyrir áætlaða loftmengun frá álveri.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 3. desember 2007.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2007